

M-23/2007 Álit 17. september 2007

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2007 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. júlí sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á sófa af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir sófann vera gallaðan og kveðst vilja fá nýjan sófa eða nýtt áklæði eða rifta kaupunum og fá kaupverð sófans endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 17. júlí sl. Frestur til að skila þeim var fyrst gefinn til 30. júlí, en síðar framlengdur til 17. ágúst. Andsvör seljanda bárust nefndinni 17. ágúst með bréfi, dags. 15. ágúst. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsingar með bréfi, dags. 20. ágúst, og gefinn frestur til að gera athugasemdir til 27. ágúst. Nefndinni bárust ekki athugasemdir. Með bréfi, dags. 3. september sl. var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi fyrir kaupum sófans fóru þau fram 15. október 2005 og var kaupverðið kr. 154.900. Álitsbeiðandi segir að stuttu eftir kaupin hafi sést verulega á áklæðinu. Þá hafi þær kvartað við seljandann sem ákveðið hafi í kjölfarið að kanna hvort framleiðandinn myndi bæta sófann. Eftir langan biðtíma hafi fengist sú niðurstaða að á það væri fallist og hafi þeim verið boðið að velja sófa í stað þess sem keyptur hafði verið en aldrei hafi verið ágreiningur um að sófinn væri gallaður. Á þessum tíma hafi engir sambærilegir sófar verið á boðstólunum, heldur ólíkir sófar og dýrari og því hafi þær viljað hugsa málið. Um það bil tveimur mánuðum síðar hafi þær ákveðið að láta slag standa og velja sófa í staðinn, en þá fengið þau svör að það væri of seint. Síðar hafi þær frétt að framleiðandi sófans hefði hætt starfsemi og þess vegna vildi seljandinn ekkert fyrir þær gera. Seljandinn teldi sig hafa rekið á eftir þeim með ákvörðun sem þær könnuðust ekki við og engin gögn væru til sem styddu þá fullyrðingu.

IV

Andsvör gagnaðila

Framkvæmdastjóri Y segir að um sé að ræða sófa, af tegundinni C. Kaupendur, X og Z, hafi fyrst kvartað hinn 16. maí 2006 og sent myndir af sófanum í tölvupósti daginn eftir. Hinn 28. júní 2006 hafi Z sent fyrirspurn um það hvar málið væri statt og 27. júlí hafi komið það svar frá framleiðandanum að hann ætlaði að senda nýjan sófa og bæði kaupanda að velja nýtt áklæði til þess að hægt væri að hefja framleiðslu á sófanum. Hinn

31. júlí hafi verið hringt í kaupendur. Þær hafi báðar hafi komið í verslunina og þá talað um að fyrst þyrftu þær að mála hjá sér og velja síðan ákvæði sem passaði við litinn. Jafnvel hafi komið til greina að velja leðuráklæði sem hefði orðið töluvert dýrara. Hafi þeim verið tjáð að framleiðandinn óskaði eftir svári um það hvaða áklæði ætti að vera á sófanum svo að hægt væri að hefja smíði hans og ljúka þar með málinu. Hinn 5. september hafi framleiðandinn ítrekað ósk sínum um efnisval. Hinn 12. september hafi starfsmaður verslunarinnar rekið á eftir því að efnið yrði valið. Hinn 7. apríl 2007, eða 8 mánuðum og 10 dögum eftir að framleiðandi hafi samþykkt beiðni þeirra um nýjan sófa hafi kaupendurnir komið í verslunina og ætlað að velja áklæðið.

Framkvæmdastjórinn sagði það skoðun sína að kaupendur hefðu dregið allt of lengi að velja áklæðið. Sér hafi ekki verið kunnugt um yfirvofandi gjaldprot framleiðandans fyrir en í ársbyrjun 2007. Þá bendir framkvæmdastjórinn á að kaupendur hafi notað sófann allt frá því að hann var keyptur.

Andsvörunum fylgdu tölvupóstskæti þar sem flestar þeirra dagsetninga sem getið er í andsvörunum koma fram. Einnig kemur fram að kaupandinn Z hafi ítrekað fyrirspurn um sófann 7. ágúst 2007.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Það er óumdeilt að galli kom fram á sófanum sem álitsbeiðandi keypti, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, og verður að telja eins og gallanum var háttað að kvartað hafi verið undan honum í tæka tíð, sbr. ákvæði 27. gr. laganna.

Álitsbeiðandi gerir þær kröfur að hann fái nýjan sófa eða nýtt áklæði á sófann eða sófinn verði endurgreiddur gegn skilum á honum.

Þegar um gallaðan söluhlut er að ræða er kveðið á um það í 26. gr. laganna til hverra úrræða kaupandi getur gripið. Í b-lið 1. mgr. segir að kaupandi geti valið á milli úrbóta á söluhlutnum eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. Samkvæmt d-lið sömu greinar getur kaupandi krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr., nema galli á söluhlut sé óverulegur.

Af gögnum málsins er ljóst að samkomulag hafði náðst á milli álitsbeiðanda og seljanda um að seljandi legði honum til nýjan sófa. Hinn 27. júlí 2006 staðfesti framleiðandi sófans að hann myndi framleiða nýjan sófa handa álitsbeiðanda og óskaði eftir því að áklæði á hann yrði valið. Álitsbeiðanda var tilkynnt það 31. júlí. Hinn 12. september óskaði starfsmaður seljanda eftir því við álitsbeiðanda að hann tæki ákvörðun um hvaða áklæði hann óskaði eftir að yrði á sófanum. Hinn 7. apríl sl. ætlaði álitsbeiðandi loks að velja áklæðið. Andsvör seljanda verður að skilja svo að á þeim tíma hafi framleiðandi sófans verið gjaldþrota og því hafi ekki verið hægt að útvega álitsbeiðanda nýjan samskonar sófa.

Samkvæmt ákvæðum 29. gr. getur neytandi, þegar um gallaða vöru er að ræða, valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda, sbr. og b-lið 1. mgr. 26. gr. sem fyrir er rakin. Þetta á þó ekki við

þegar fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Að áliti kærunefndarinnar eru nú fyrir hendi aðstæður sem hindra það að seljandi geti afhent nýjan sófa, eins og til stóð á sínum tíma, og ekki er hægt að ætlast til þess að seljandi ráði við þá hindrun. Þessa hindrun skapaði álitsbeiðandi í raun sjálfur með því að draga í óhóflega langan tíma að verða við þeirri ósk seljanda að hann veldi áklæði á sófann sem framleiðandinn var reiðubúinn til að framleiða. Má hér og líta til þess ákvæðis í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 48/2003 þar sem segir að sammingsaðila sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila sé með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Kærunefndin álitur að samkvæmt þessu hafi álitsbeiðandi fyrirgert rétti sínum til þess að seljandi leggi honum til nýjan sófa. Þótt málum sé hátað á þennan veg leysir það seljanda sófans ekki undan skyldu til þess að veita álitsbeiðanda aðra úrlausn vegna gallans sem á sófanum er.

Að því er varðar þá kröfu um úrbætur að seljandi leggi álitsbeiðanda til nýtt áklæði á sófann er réttur til þess bundinn þeim takmörkunum að hann á ekki við ef það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Gera verður ráð fyrir að krafa álitsbeiðanda sé ekki eingöngu sú að fá nýtt áklæði á sófann heldur einnig að seljandi sjái um að setja áklæðið á. Ekkert liggur fyrir um það hvaða kostnað hvorutveggja kynni að hafa í för með sér og vegna ákvæða 1. mgr. 29. gr. um það að úrbætur mega ekki hafa í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda telur kærunefndin sér ekki fært að taka afstöðu til þessarar kröfu af þeim sökum.

Síðasta af þremur kröfum álitsbeiðanda er að rifta kaupunum og fá kaupverðið sófans endurgreitt, sbr. d-lið 26. gr. laga nr. 48/2003, sem vísar til 32. gr. laganna. Í 32. gr. segir að kaupandi geti rift kaupunum í stað þess að fá afslátt af kaupverði nema því aðeins að galli á söluhlutunum sé óverulegur. Sýnast þessi úrræði vera valkvæð fyrir neytanda. Þegar um er að ræða galla í áklæði á sófa má búast við því að hann stækki að umfangi eftir því sem sófinn er lengur notaður og getur svo farið að útlitsins vegna megi hann að lokum teljast ónothæfur. Kærunefndin álitur að galla af því tagi sem hér um ræðir verði að telja ekki óverulegan í skilningi 32. gr. laga nr. 48/2003. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að álitsbeiðandi eigi rétt á því að rifta kaupunum.

Í 1. mgr. 50. gr. segir þegar kaupum er rift að neytandi skuli færa seljanda til tekna þann afrakstur sem hann hefur haft af hlutum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Samkvæmt þessu ákvæði laganna ber að hafa í huga við ákvörðun þess hvað seljanda ber að endurgreiða álitsbeiðanda þau not sem hann hefur haft af sófanum. Sófinn var keyptur 15. október 2005 fyrir kr. 154.900 og fyrst var kvartað vegna galla á honum 16. maí 2006 eða eftir rétta 7 mánuði. Verður að gera ráð fyrir að fljótlega hafi verið kvartað eftir að gallinn kom í ljós og því hafi álitsbeiðandi haft not að sófanum ógölluðum um einhverra mánaða skeið. Ekki er annað vitað en álitbeiðandi noti sófann enn þótt gallaður sé.

Í 2. mgr. 50. gr. segir, eigi seljandi að endurgreiða kaupverð, beri seljanda að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxta laga frá þeim tíma er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Með framangreind tvö ákvæði í huga um not af söluhlut og vexti af kaupverði og þau atvik sem leiddu til þess að seljanda varð ókleift að útvega álitsbeiðanda nýjan sófa vegna seinangangs hans við að velja áklæði þykir kærunefndinni hæfilegt að seljandi greiði álitsbeiðanda samtals kr. 100.000 gegn skilum á sófanum.

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir